

Afkoma Icelandair Group á þriðja ársfjórðungi 2009

- Heildarvelta Icelandair Group var 53,6 milljarðar króna og jókst um 29% frá sama tíma í fyrra
- EBITDA var 8,4 milljarðar króna en var 6,2 milljarðar króna á sama tíma í fyrra
- EBIT var 6,9 milljarðar króna en var 5,1 milljarðar króna á sama tíma í fyrra. Afskriftir voru 1,6 milljarðar króna sem er hækkun um 0,5 milljarða frá fyrra ári.
- Fjármagnskostnaður var 2,1 milljarðar króna samanborið við 49 milljónir króna árið áður
- Hagnaður eftir skatta var 4,0 milljarðar króna en hagnaður var 4,4 milljarðar króna á sama tíma í fyrra
- Afkoma erlendra dótturfélaga fyrir skatta var 1,3 milljörðum króna verri en á sama tíma í fyrra

Afkoma Icelandair Group á fyrstu níu mánuðum 2009

- EBITDA var 7,5 milljarðar króna en var 7,2 milljarðar króna á sama tíma í fyrra
- EBIT var 3,3 milljarðar króna en var 4,3 milljarðar króna á sama tíma í fyrra. Afskriftir voru 4,1 milljarðar króna sem er hækkun um 1,3 milljarða frá fyrra ári.
- Fjármagnskostnaður var 4,2 milljarðar króna samanborið við 0,8 milljarða króna árið áður
- Tap eftir skatta var 1,0 milljarðar króna en hagnaður var 3,1 milljarðar króna á sama tíma í fyrra
- Handbært fé í lok ársfjórðungsins var 6,1 milljarðar króna, en var 7,4 milljarðar á sama tíma í fyrra
- Eiginfjárlutfall var 23,5% í lok september 2009, en var 20,3% í lok ársins 2008
- Eignir voru 105,6 milljarðar króna í lok september 2009 samanborið við 98,8 milljarða króna í árslok 2008

Income Statement ISKm	Q3 09	Q3 08	9M 09	9M 08
Operating Income.....	53.638	41.465	108.098	84.429
EBITDA.....	8.447	6.183	7.456	7.181
EBIT	6.875	5.108	3.335	4.346
Net Finance Cost.....	(2.109)	(49)	(4.201)	(789)
Profit for the period.....	3.961	4.385	(1.018)	3.102

Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group:

„Á þriðja ársfjórðungi gekk grunnrekstur Icelandair Group vel og má sjá bata í öllum hlutföllum rekstrarreiknings milli ára þar til kemur að afskriftum og fjármagnsliðum. Við erum ánægð með árangurinn í fjórðungnum og við þökkum starfsfólki fyrir þeirra framlag við erfiðar aðstæður. Þetta ár er líklega það erfiðasta sem okkar rekstrargrein hefur gengið í gegnum, og þess sjást glögg merki í rekstri erlendra dótturfélaga þar sem verkefni hafa dregist saman og verð lækkað, með tilheyrandi áhrifum á afkomu.“

Stóra verkefni okkar allt þetta ár hefur falist í endurskipulagningu efnahagsreiknings samstæðunnar og þá sérstaklega fjármagnshlið hans. Ljóst hefur verið um all langt skeið að minnka þarf skuldsetningu, bæta lausafjárstöðu og styrkja eiginfjárlutfall félagsins. Ferlið hefur tekið lengri tíma en upphaflega var gert ráð fyrir, en nú hafa fyrstu skrefin verið stigin í endurskipulagningunni. Ákveðið hefur verið að einfalda viðskiptalíkan Icelandair Group og leggja áherslu á þau tækifæri sem felast í leiðarkerfi Icelandair, ferðaþjónustu á Íslandi og tengdum rekstri og er markmiðið sett á innri vöxt á þessu sviði. Þessi breyting er bein afleiðing af breytingum á fjármagnsmörkuðum, sem segja má að hafi skapað undirstöðu þess viðskiptalíkans sem stuðst hefur verið við undanfarin misseri. Með tíð og tíma og við réttar markaðsaðstæður munum við selja aftur þær fyrirtækjafjórðingar sem ráðist var í á árunum 2005-2007. Fyrsta skrefið í þeirri átt var stigið í síðustu viku þegar við seldum 20% hlut í Travel Service og fórum þar úr meirihlutaeign. Vinna við endurskipulagninguna mun halda áfram á næstu vikum. Eignir sem félagið ætlar sér að selja á næstu misserum verða endurmetnar og getur það haft áhrif á eigið fé.“

Rekstrarmarkmið okkar fyrir árið í heild, 6,5 milljarðar króna í EBITDA, eru óbreytt. Að okkar mati er þar um að ræða mjög ásættanlegan rekstrarárangur þegar horft er á rekstrarumhverfið. Hins vegar er fjármagnskostnaður félagsins allt of hár og unnið er hörðum höndum að því að lækka hann með því að breyta fjármagnsskipan.“

Fréttatilkynning

Þriðji ársfjórðungur og fyrstu níu mánuðir 2009

30. nóvember 2009



Lykiltölur þriðja ársfjórðungs 2009

ISK'000.000	Q3 09	Q3 08	% Chg.
Transport revenue	21.595	17.409	24%
Aircraft and aircrew lease	25.809	19.441	33%
Other	6.234	4.615	35%
Operating Income	53.638	41.465	29%
Salaries and related expenses	6.572	6.455	2%
Aircraft fuel	11.464	9.977	15%
Aircraft and aircrew lease	6.743	3.788	78%
Aircraft servicing, handling and comm.	10.588	6.405	65%
Aircraft maintenance	4.091	3.528	16%
Other	5.733	5.129	12%
EBITDA	8.447	6.183	37%
EBIT	6.875	5.108	35%
EBT	4.799	5.104	-6%
Net Profit	3.961	4.385	-10%
EBITDAR	14.171	8.805	61%

Rekstrarniðurstaða á þriðja ársfjórðungi

EBITDA var 8,4 milljarðar króna en var 6,2 milljarðar króna á sama tíma í fyrra. EBIT var 6,9 milljarðar króna en var 5,1 milljarðar króna sama tímabili í fyrra. Hagnaður fjórðungsins eftir skatta nam 4,0 milljörðum króna, en var 4,4 milljarðar króna á sama tímabili 2008. EBITDAR var 14,2 milljarðar króna samanborið við 8,8 milljarða króna 2008.

Rekstrareiningar –þriðji ársfjórðungur samanburður

ISK'000.000	Scheduled Airline and Tourism			Capacity Solutions		
	Q3 09	Q3 08	Diff	Q3 09	Q3 08	Diff
Segment revenue	28.442	24.271	17%	30.920	21.698	43%
Segment cost	-22.141	-20.998	5%	-28.860	-18.682	54%
EBITDA	6.301	3.273	93%	2.060	3.016	-32%
EBIT	5.079	2.476	105%	1.716	2.745	-37%
Net finance cost	-243	-74	228%	-828	225	-
Share of profit of associates	0	0	-	33	45	-27%
EBT	4.836	2.402	101%	921	3.016	-
Income tax	-730	-251	191%	-232	-623	-
Net Profit	4.106	2.151	91%	689	2.393	-
EBITDAR	8.192	4.360	88%	5.790	4.601	26%

Rekstrareiningar þriðji ársfjórðungur 2009

ISK' 000.000	Q3 2009				
	Scheduled airline	Capacity solutions	Shared Services	Elimi- nations	Con- solidated
Segment revenue	28.442	30.920	381	-6.105	53.638
Segment cost	-22.141	-28.860	-295	6.105	-45.191
EBITDA	6.301	2.060	86		8.447
EBIT	5.079	1.716	80		6.875
Net finance cost	-243	-828	-1.038		-2.109
Share of profit of associates	0	33	0		33
EBT	4.836	921	-958		4.799
Income tax	-730	-232	124		-838
Net Profit/Loss	4.106	689	-834		3.961
EBITDAR	8.192	5.790	189		14.171

Heildartekjur voru 53,6 milljarðar króna miðað við 41,5 milljarða króna á sama tímabili í fyrra sem er 29% aukning á milli ára.

Í **Áætlunarflugi og Ferðapjónustu**, þar sem félögin Icelandair, IGS, Icelandair Hotels, Iceland Travel, Flugfélag Íslands og Icelandair Cargo falla undir, voru tekjur 28,4 milljarðar króna 2009 en 24,3 milljarðar króna á sama tíma 2008. Kostnaður var 22,1 milljarðar króna en 21,0 milljarðar króna á sama tíma 2008. EBITDA var 6,3 milljarðar króna en var 3,3 milljarðar króna á sama tíma í fyrra. Hagnaður rekstrarsviðsins eftir skatta var 4,1 milljarðar króna, samanborið við 2,2 milljarða króna á sama tíma í fyrra. EBITDAR var 8,2 milljarðar króna en var um 4,4 milljarðar króna á sama tímabili í fyrra.

Vegna minnkandi eftirspurnar dró Icelandair úr framboði í sumar. Farþegum fækkaði í samræmi við það, eða um 5,3% á þriðja ársfjórðungi 2009, og farþegatekjur minnkuðu um 6,3%. Kostnaður, einkum eldsneyti og vegna umfangsmikilla sparnaðaraðgerða lækkaði hinsvegar heldur meira en sem þessu nam. Sætanýting var 82%, og er sú sama og á sama tímabili á síðasta ári. Aukning í sölu erlendis á flugsætum til Íslands var 12% á þriðja ársfjórðungi og var helmingur af heildarfarþegafjölda félagsins á tímabilinu.

Á sviði **Leiguflugs og Flugvéla viðskipta**, þar sem félögin Travel Service, Loftleiðir Icelandic, Smartlynx, Icelease og Bluebird Cargo falla undir, voru tekjur 30,9 milljarðar króna en 21,7 milljarðar króna á sama tíma 2008. Kostnaður var 28,9 milljarðar króna en 18,7 milljarðar króna á sama tíma 2008. EBITDA var 2,1 milljarðar króna en var 3,0 milljarðar króna á sama tíma í fyrra. Hagnaður rekstrarsviðsins eftir skatta var 0,7 milljarðar króna samanborið við hagnað uppá 2,4 milljarða króna á sama tíma í fyrra. EBITDAR var 5,8 milljarðar króna en var 4,6 milljarðar króna á sama tíma í fyrra.

Verri afkoma sviðsins endurspeglar það samdráttarástand sem ríkt hefur í flugrekstri í heiminum undanfarin misseri. Helstu ástæður fyrir verri afkomu en á sama tíma og í fyrra eru bág verkefnastaða Smart Lynx framan af ári, en félagið missti fyrirvaralaust stóra viðskiptavini á haustmánuðum 2008 sem gerði það að verkum að stór hluti flotans var verkefnalítill fram á sumar 2009. Gjaldfærsla á neikvæðum olíuvörnum hjá Travel Service nam 1,7 milljörðum króna á fjórðungnum sem veldur því að afkoma félagsins er mun lakari en á sama tíma í fyrra.

Flutningatekjur jukust um 4,2 milljarða króna milli þriðja ársfjórðungs 2008 og 2009 eða um 24,1%. Tekjur vegna farþegaflutninga aukast um 25,5% eða 4,1 milljarð króna á milli ára meðan tekjur vegna vöru og póstflutninga hækka um 7,1.

Tekjur af leiguflugi jukust um 6,4 milljarða króna eða 32,8% í samanburði við þriðja ársfjórðung 2008.

Aðrar tekjur jukust um 1,6 milljarða króna frá þriðja ársfjórðungi 2008 eða um 35%.

Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður jókst um 117 milljónir króna eða 1,8% í samanburði við þriðja ársfjórðung 2008. Laun hækkuðu hjá erlendu félögunum, Travel Service og SmartLynx um 0,5 milljarðar króna, en lækkuðu hjá öðrum félögum um 0,3 milljarða króna. Meðalstöðugildum fækkaði um 10,6%, voru 3.205 samanborið við 3.585 miðað við sama tíma í fyrra.

Fréttatilkynning

Þriðji ársfjórðungur og fyrstu níu mánuðir 2009

30. nóvember 2009



Eldsneytiskostnaður jókst um 1,5 milljarða króna sem er 14,9 % hækkun frá sama tíma í fyrra. Meðal heimsmarkaðsverð á þriðja ársfjórðungi 2009 var USD 608 á tonn en var USD 1,189 á tonn á sama tíma í fyrra, þetta er lækkun um 49% á milli tímabila. Kostnaður jókst vegna neikvæðra áhrifa af olíuvörnum hjá Travel Service.

Flugvéla- og áhafnaleiga jókst um 2,9 milljarða króna á milli ára eða um 78%.

Afgreiðslu-, lendingar- og yfirflugsgjöld jukust um 4,2 milljarða á milli ára eða um 65,3%. Hækkun þessara liða er að mestu til komin vegna veikingar íslensku krónunnar auk þess sem aukin umsvif hjá Travel Service hafa áhrif til hækkunar.

Viðhaldskostnaður jókst um tæplega 0,6 milljarða króna á milli ára eða 15,9%.

Fjármagnsliðir

ISK'000.000	Q3 09	Q3 08	Diff.
Interest income	52	119	-67
Interest expenses	-1.092	-844	-248
Currency effect	-671	673	-1.344
Loss / Gain from sale of derivatives	-2	3	-5
Loss from assets held for sale	-396	0	-396
Net finance cost	-2.109	-49	-2.060

Nettó fjármagnsgjöld voru 2,1 milljarður króna en voru um 49 milljónir króna á sama tíma í fyrra.

Gengismunur var neikvæður um 0,7 milljarða króna.

Efnahagsreikningur

ISK'000.000	30/09/09	31/12/08	Diff.
Operating Assets	35.177	36.798	-1.621
Intangible assets	29.590	29.306	284
Investment in associates	594	1.008	-414
Aircraft purchase prepayments	4.486	4.226	260
Long-term receivables	7.135	6.054	1.081
Cash and cash equivalents	6.122	4.065	2.057
Other assets	22.504	17.373	5.131
Total assets	105.608	98.830	6.778
Stockholders equity	24.816	20.080	4.736
Total non-current liabilities	17.462	25.112	-7.650
Total current liabilities	63.330	53.638	9.692
Total equity and liabilities	105.608	98.830	6.778

Eignir voru 105,6 milljarðar króna í lok september 2009 samanborið við 98,8 milljarða í lok árs 2008.

Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum á tímabilinu námu 1,7 milljörðum króna þar sem fjárfestingar í hreyflatímum og flugvéla varahlutum vega þyngst.

Vaxtaberandi skuldir - nettó námu 33,9 milljarði króna og hafa lækkað um 5,7 milljarða króna frá áramótum.

Að mati stjórnenda félagsins er eiginfjárhlutfall félagsins of lágt og greiðslubyrði vaxtaberandi skulda of þungar þegar horft er á sjóðstreymi frá rekstri. Eins og áður hefur komið fram hefur um all nokkurt skeið verið unnið að endurskipulagningu efnahagsreiknings félagsins í samstarfi við viðskiptabanka þess. Nýlega var samþykkt á hluthafafundi heimild til stjórnar um að

Fréttatilkynning

Priðji ársfjórðungur og fyrstu níu mánuðir 2009

30. nóvember 2009



auka hlutafé félagsins um allt að 4 milljarða króna að nafnvirði. Ákvörðun um hlutafjárukninguna verður tekin samhliða endurskipulagningu á greiðslubyrði vaxtaberandi skulda sem unnin er í samvinnu við viðskiptabanka félagsins.

Sjóðsstreymi

ISK'000.000	9M 09	9M 08
Working capital from operations	5.308	8.131
Net cash from operating activities	7.217	9.318
Net cash (used in) investing activities	-1.365	-3.245
Net cash (used in) financing activities	-4.315	-2.106
Increase in cash and cash equivalents	1.537	3.967
Effect of exchange rate fluctuations on cash held	520	1.444
Cash and cash equivalents at 1 January	4.065	2.006
Cash and cash equivalents at 30 September	6.122	7.417

Veltufé frá rekstri var 5,3 milljarðar króna á fyrstu 9 mánuðum ársins samanborið við 8,1 milljarð króna á sama tímabili í fyrra.

Handbært fé frá rekstri á fyrstu 6 mánuðum ársins var 7,2 milljarðar króna en var 9,3 milljarðar króna á fyrstu 9 mánuðum ársins 2008.

Lakara sjóðsstreymi frá rekstri skýrist af verri afkomu hjá erlendum dótturfélögum.

Handbært fé í lok tímabilsins er 6,1 milljarður króna en var 7,4 milljarðar króna á sama tíma í fyrra.

Samanburður ársfjórðungar–Lykiltölur

ISK'000.000	Q3 08	Q4 08	Q1 09	Q2 09	Q3 09
Transport revenue	17.409	9.523	7.310	13.448	21.595
Charter revenue	19.441	15.529	11.273	16.319	25.809
Other	4.615	3.258	2.133	3.977	6.234
Operating Income	41.465	28.310	20.716	33.744	53.638
Salaries and related expenses	6.455	6.416	5.392	6.265	6.572
Aircraft fuel	9.977	6.750	3.847	6.849	11.464
Aircraft and aircrew lease	3.788	5.322	4.892	6.001	6.743
Aircraft servicing, handling and navigation	6.405	4.362	2.568	5.713	10.588
Aircraft maintenance	3.528	3.967	2.777	3.287	4.091
Other	5.129	3.826	3.546	4.314	5.733
EBITDA	6.183	-2.333	-2.306	1.315	8.447
EBIT	5.108	-10.035	-3.504	-36	6.875
EBT	5.104	-10.503	-4.055	-1.530	4.799
Net Profit	4.385	-10.570	-3.639	-1.340	3.961
EBITDAR	8.805	2.377	2.388	7.022	14.171

Fréttatilkynning

Priðji ársfjórðungur og fyrstu níu mánuðir 2009

30. nóvember 2009



Janúar - september 2009

Lykiltölur fyrstu níu mánaða 2009

ISK' 000.000	9M 09	9M 08	% Chg.
Transport revenue	42.353	36.390	16%
Aircraft and aircrew lease	53.401	37.526	42%
Other	12.344	10.513	17%
Operating Income	108.098	84.429	28%
Salaries and related expenses	18.229	17.689	3%
Aircraft fuel	22.160	19.137	16%
Aircraft and aircrew lease	17.636	10.023	76%
Aircraft servicing, handling and comm.	18.869	11.153	69%
Aircraft maintenance	10.155	7.347	38%
Other	13.593	11.899	14%
EBITDA	7.456	7.181	4%
EBIT	3.335	4.346	-23%
EBT	-786	3.678	-121%
Net Profit/Loss	-1.018	3.102	-133%
EBITDAR	23.581	14.789	59%

EBITDA var 7,5 milljarðar króna en var 7,2 milljarðar króna á sama tíma í fyrra. EBIT var 3,3 milljarðar króna en var 4,3 milljarðar króna sama tímabili í fyrra. Tap eftir skatta á fyrstu níu mánuðum ársins nam 1,0 milljarði króna en hagnaður nam 3,1 milljarði króna á sama tímabili 2008. EBITDAR var 23,6 milljarðar króna samanborið við 14,8 milljarða króna fyrstu níu mánuði 2008.

Eldsneytiskostnaður eykst um 3,0 milljarða króna á fyrstu níu mánuðum ársins 2009 sem er 15,8 % hækkun frá sama tímabili í fyrra. Meðalheimsmarkaðsverð á fyrstu níu mánuðum ársins 2009 var USD 534 á tonn en var USD 1,131 á tonn á sama tíma í fyrra, þetta er lækkun um 53% á milli tímabila.

Horfur í rekstri Icelandair Group

Eins og uppgjörið ber með sér er grunnrekstur samstæðunnar fyrir fjármagnsliði í góðu horfi og ekkert sem bendir til annars en að svo verði áfram. Þannig eru EBITDA markmið félagsins fyrir árið óbreytt eða 6,5 milljarðar króna.

Lengi hefur legið ljóst fyrir að félagið er of skuldsett og vaxtabyrði of há. Nauðsynlegt er að sú endurskipulagning efnahagsreikningsins sem staðið hefur yfir allt þetta ár, í samstarfi við viðskiptabanka félagsins, klárast á næstunni þannig að rekstur félagsins standi undir vaxta- og greiðslubyrði af lánum.

Endurskipulagning efnahagsreikningsins getur haft áhrif á flokkun og mat eigna og þ.a.l. á rekstur- og eigið fé félagsins.

Atburðir sem hafa átt sér stað eftir reikningskiladag

Allt þetta ár hefur félagið unnið með viðskiptabanka sínum, Íslandsbanka að því að aðlaga skuldir félagsins að greiðslugetu þess og að því að hækka eiginfjárlutfall félagsins. Í ágúst síðastliðnum heimilaði hluthafafundur stjórn félagsins að auka hlutafé um allt að 4 milljarða króna að nafnverði. Þessi heimild hefur enn ekki verið nýtt, en gert er ráð fyrir að hún verði hluti af fjárhagslegri endurskipulagningu félagsins. Í tengslum við endurskipulagningu efnahagsreikningsins hefur verið ákveðið að einfalda viðskiptalíkan Icelandair Group og að leggja áherslu á þau tækifæri sem felast í leiðarkerfi Icelandair, ferðaþjónustu á Íslandi og tengdri þjónustu og er markmiðið sett á innri vöxt á þessu sviði.

Í því sambandi verður stofnað sérstakt eignarhaldsfélag utan um dótturfélögin Bluebird Cargo ehf., SmartLynx í Lettlandi auk 30% eignarhlutar í Travel Service. Eignarhaldsfélaginu er ætlað að halda utan um þessi félög og selja þegar markaðsaðstæður verða hagstæðar.

Sem hluta af fjárhagslegri endurskipulagningu samstæðunnar var í síðustu viku, gengið frá sölu á 20% hlut í Travel Service, og á Icelandair Group hf. eftir það 30% hlut í félaginu. Þetta mun hafa neikvæð áhrif á rekstrarreikning um 889 milljónir króna á

Fréttatilkynning

Þriðji ársfjórðungur og fyrstu níu mánuðir 2009

30. nóvember 2009



fjórða ársfjórðungi ,eigið fé lækkar um 1,5 milljarða íslenskra króna og heildar eignir félagsins lækka um 12 milljarða króna. Travel Service fer því úr því að vera dótturfélag og verður hlutdeildarfélag Icelandair Group.

Endurskoðun

Samstæðureikningur Icelandair Group vegna 9 mánaða uppgjörs 2009 var samþykktur á stjórnarfundi þann 30. nóvember 2009. Árshlutareikningurinn hefur verið kannaður af endurskoðendum félagsins.

Kynningarfundur þriðjudaginn 1. desember

Opinn kynningarfundur fyrir markaðsaðila og hluthafa verður haldinn þriðudaginn 1. desember 2009 á **Hilton Reykjavík Nordica**. Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group mun kynna afkomu félagsins og svara spurningum ásamt stjórnendum félagsins. **Kynningin hefst kl. 16:30.**

Kynningarefni vegna fundarins verður hægt að nálgast að honum loknum á heimasíðu Icelandair Group: www.icelandairgroup.is og í fréttakerfi Kauphallar Íslands/Nasdaq OMX.

Fjárhagsdagatal 2009

Ársuppgjör 2009

Vika 7 2010

Frekari upplýsingar veita:

Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group

sími: 896-1455

Bogi Nils Bogason, framkvæmdastjóri fjármála Icelandair Group

sími: 665-8801